

[Kjarnes, Hóland, Sifurssletta 2, Víðidalur, Fákur, Vogabyggð svæði 1, Vogabyggð svæði 2 \(Kuggavogur 26\), Hlaðbær 5, Tunguvegur 12, Bergstaðastræti 37, Langagerði 22, Seljavegur 2, Skerjafjörður 5, Friggjarbrunnur 23A, Rökkvatorn 10-16, Teigahverfi, Þingholtsstræti 25, Efstaleiti 19, Fiskislóð 41, Grenimelur 8, Háskóli Íslands, Vísindagarðar, Lautarvegur 20 og 22, Lautarvegur 36, Miðbakki, Geirsgata 11, 13 og 15, Skriðustekkur 1-7, Fannafold 170, Stangarholt 36, Þverholt 18, Álftamýri 43-57, Álmgerði - Hæðargarður, Bankastræti 3, Leifsgata 25, Víðinesvegur 2, Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðfloksins, Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðfloksins,](#)

## Embættisafgreiðslufundur skipulagsstjóra Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

794. fundur 2020

Ár 2020, föstudaginn 23. október kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 794. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur. Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir. Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Björn Ingi Edvardsson, Hulda Einarsdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Haukur Haflidi Nínuson, Hildur Gunnarsdóttir, Lilja Grétarsdóttir og Ólafur Melsted. Ritari var Harri Ormarsen.

### Þetta gerðist:

#### 1.20 [Kjarnes, Hóland](#), breyting á deiliskipulagi

Lögð fram umsókn Stefáns B. Veturliðasonar dags. 14. október 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hólands á Kjarnesi. Í breytingunni felst að heimilt verði að rífa þrjú hús á lóðinni sem skráð eru sem refahús og byggja þess í stað íbúðakjarna með sjö íbúðum.  
Umsækjandi hafi samband við embættið.

#### 2.20 [Sifurssletta 2](#), (fsp) sjálfsafgreiðslustöð

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. júlí 2020 var lögð fram fyrirspurn Jóns Hrafnar Hlöðverssonar dags. 6. júlí 2020 ásamt greinargerð dags. 2. júlí 2020 um að setja upp sjálfsafgreiðslustöð á lóð nr. 2 við Sifursslettu fyrir stóra atvinnubíla. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. október 2020.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. október 2020 samþykkt.

#### 3.20 [Víðidalur, Fákur](#), framkvæmdaleyfi

Lögð fram umsókn Dagnýjar Bjarnadóttur dags. 19. október 2020 um framkvæmdaleyfi vegna lagningu á 507 m langri reiðleið í Víðidal, samkvæmt uppdr. Dagný Land design dags. 20. september 2020. Einnig er lagt fram bréf Fiskistofu dags. 22. október 2020 og tölvupóstur Stangveiðifélags Reykjavíkur dags. 23. október 2020. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020.

Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

#### 4.20 [Vogabyggð svæði 1](#), breyting á deiliskipulagi

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 22. október 2020 þar sem stofnunin getur ekki tekið afstöðu til breytingarinnar fyrr en umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur liggr fyrir um deiliskipulagsbreytinguna hvað varðar viðbrögð við of miklum hávaða frá aðliggjandi iðnaðarsvæði sbr. minnisblaði Eflu dags. 12. mars 2019. Þá telur stofnunin að betur þurfi að gera grein fyrir nokkrum atriðum sbr. bréfi stofnunarinnar.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

#### 5.20 [Vogabyggð svæði 2 \(Kuggavogur 26\)](#), breyting á skilmálum deiliskipulags vegna lóðar 2-9-2

Lögð fram umsókn Kristins Ragnarssonar dags. 9. október 2020 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir Vogabyggð svæði 2 vegna lóðar 2-9-2, Kuggavogur 26. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni um 100 m<sup>2</sup>, samkvæmt tillögu Kristins Ragnarssonar arkit. ehf. ódags.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 8.2 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

#### 6.20 [Hlaðbær 5](#), (fsp) bílskúr

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. október 2020 var lögð fram fyrirspurn Benedikts Más Ólafssonar dags. 12. október 2020 um að setja bílskúr vestan við húsið á lóð nr. 5 við Hlaðbæ. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020.

#### 7.20 [Tunguvegur 12](#), Bílskúr á lóð

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. september 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteyptan bílskúr, mhl.02, á lóð nr. 12 við Tunguveg, samkvæmt uppdr. Önnu Leoniak dags. 26. júlí 2020 og 26. ágúst 2020. Erindi var grenndarkynnt frá 21. september 2020 til og með 19. október 2020. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Jón Viðar Gunnarsson og Elly Hauksdóttir Hauth dags. 25. september 2020, Björg Kristín Sigþórsdóttir 19. október 2020 og Helgi Kristján Pálsson dags. 19. október 2020. Stærð: 32.6 ferm., 97.8 rúmm. Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 15. ágúst 2020, mæliblað 1.822.3 síðast útgefið 9. maí 2011 og hæðablað útgefið í ágúst 2001. Gjald kr. 11.200

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

#### 8.20 [Bergstaðastræti 37](#), Áður gerður loftstokkur og yfirbygging

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum loftstokkum upp úr þaki og til að byggja yfir þá á þaki húss á lóð nr. 37 við Bergstaðastræti. Erindi var grenndarkynnt frá 18. ágúst 2020 til og með 15. september 2020. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Ólina Salome Torfadóttir dags. 9. september 2020 og Heiða Jóhannsdóttir dags. 15. september 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. september 2020 og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti umsækjanda dags. 22. október 2020 varðandi frestun mál.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 26. apríl 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. apríl 2019. Gjald kr. 11.000

Ræða.

Frestað með vísan til tölvupósts umsækjanda dags. 22. október 2020.

#### **9.20 Langagerði 22, Nýir kvistir og svalir**

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. október 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að bæta við tveimur kvistum á norður- og suðurhlið ásamt svölum og stiga niður í garð á 1. hæð í fjöleignarhúsi á lóð nr. 22 við Langagerði.  
Erindi fylgir afrit af eldri teikningum samþykktum 27. nóvember 1980 og fyrirspurnarteikningum dags. 24. apríl 2019. umboð eigenda íbúðar 01-0101 dags. 23. september 2019 og samþykki meðlóðarhafa áritað á A3 afrit af teikningum A-100 - A-101 dagsettum 3. september 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. október 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. september 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. september 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. september 2020. Stækkun: 1.8 ferm., 9.1 rúmm. Gjald kr. 11.200

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Langagerði 4, 6, 8, 20, 24, 30, 32 og 34.*

*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

---

#### **10.20 Seljavegur 2, Fjölbýlishús - S4 - S8, 102 íbúðir, verslun- og þjónusta auk bíla- og geymslukjallara.**

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. september 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja fjölbýlishús á sex hæðum, mhl-05, á reitum S4-S8, samtals 102 íbúðir, verslunar- og þjónusturými á 1. hæð og bíla- og geymslukjallara á lóð nr. 2 við Seljaveg. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020. Jafnframt er lögð fram fundargerð Arkþing/Nordic vegna Seljavegar 2 dags. 19. maí 2020, tvö minnisblöð Arkþing/Nordic dags. 22. október 2020 annars vegar um svör vegna athugasemda skipulagsfulltrúa og hins vegar vegna aðgerða Arkþing/Nordic vegna athugasemda skipulagsfulltrúa. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020.

Erindi fylgir greinagerð Mannvits um hljóðvist, útg. 1.0, dags. 25. ágúst 2020, lóðauppráttur dags. 19. ágúst 2019, hæðablað dags. 4. mars 2020 og forteikningar hönnuða dags. 25. ágúst 2020. Einnig minnisblað frá hönnuði og varmatapsútreikningar dags. 3. september 2020, brunahönnun frá Brunahönnun slf., dags. 3. september 2020, minnisblað Eflu um fjölda bílastæða á Seljavegi 2 dags. 8. júní 2020 og samþykki eigenda dags. 25. ágúst 2020, greinagerð lóðahönnuðar ódagsett, minnisblað hönnuða um breidd bílastæða dags. 17. september 2020, ódagsett bréf hönnuðar með yfirliti yfir breytingar og minnisblað hönnuðar vegna aðkomu viðbragðsaðila á byggingartíma dags. 17. september 2020. Stærðir: 10.268,3 ferm., 34.402,0 rúmm. Gjald kr. 11.200

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020 samþykkt.*

---

#### **11.20 Skerjafjörður 15, deiliskipulag**

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að nýju deiliskipulagi fyrir Nýja Skerjafjörð. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu um 700 íbúða, leikskóla, grunnskóla, bílageymsluhúsi, verslun, þjónustu og útivistarsvæðum. Tillagan gerir einnig ráð fyrir nýjum veggengingum til austurs, suður fyrir Reykjavíkurflugvöll, sem er eingöngu ætluð almennингssamgöngum, gangandi og hjólandi vegfarendum. Einnig eru lagðir fram deiliskipulags-, skýringar- og skuggavarpsuppdr. ASK Arkitekta, EFLU og Landslags dags. 26. júní 2020, greinargerð og almennir skipulagsskilmálar dags. 26. júní 2020, sérskilmálar dags. 26. júní 2020, hönnunarleiðbeiningar dags. 26. júní 2020, skýrsla Minjasafns Reykjavíkur nr. 161 frá 2013 (byggðakönnun, fornleifaskrá og húsakönnun), drög að skýrslu Borgarsögsafns Reykjavíkur nr. 204 frá 2020 (fornleifaskrá og húsakönnun), fjórir undirritaðir samningar: samkomulega um skipulag og uppbygging á landi ríkisins við Skerjafjörð dags 1. mars 2013, samkomulag um endurbætur á aðstöðu fyrir farþega og þjónustuaðila á Reykjavíkurflugvelli dags. 19. apríl 2013, samkomulag um innanlandsflug dags. 25. október 2013 og kaupsamningur og afsal í framhaldi af formlegri lokun ríkisins á norður/suður og austur/vestur flugbrautar (braut (06/24) á Reykjavíkurflugvelli dags. 11. ágúst 2016. Jafnframt eru lögð fram ítargögn: skýrsla Eflu um hljóðvist dags. 12. september 2019, samgöngumat Eflu dags. 26. júní 2020, skýrsla Eflu um vindgreiningu dags. 7. janúar 2020, minnisblað Eflu vindgreining - viðauki A dags. 16. júní 2020, minnisblað Eflu Vindgreining - viðauki B dags. 26. júní 2020 og minnisblað Eflu vegna færslu skipulagsmarka (áhrif færslu skipulagsmarka á umferð, hljóðvist og vindafar) dags. 26. júní 2020. Tillagan fellir úr gildi eldra deiliskipulag frá 16. janúar 1986, br. 1999. Einnig er lagt fram bréf íbúaráðs Vesturbæjar dags. 22. október 2020.

*Samþykkt að framlengja athugasemda frest til og með 9. nóvember 2020.*

---

#### **12.20 Friggjarbrunnur 23A, breyting á deiliskipulagi**

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 23A við Friggjarbrunn. Í breytingunni felst að hluti lóðarinnar nr. 23 við Friggjarbrunn verður að borgarlandi og lóðirnar nr. 23-39 við Friggjarbrunn stækka. Fyrir lóðir nr. 23-31 og 33-39 er skilgreind kvöð á borgarlandi um aðkomu að lóðunum sem tryggir aðkomu að lóðunum frá Friggjarbrunni. Lóðin við Friggjarbrunn 23 stækkar að götunni og skilgreind er 2,5 m breið kvöð um gönguleið um lóðina næst götunni. Lóð nr. 41 við Friggjarbrunn verður óbreytt, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Storð dags. 22. október 2020.

*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

---

#### **13.20 Rökkvatjörn 10-16, breyting á deiliskipulagi**

Lögð fram umsókn Einars Ólafssonar dags. 7. október 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 10-16 við Rökkvatjörn. Í breytingunni felst að fækka einingum úr 4 einingum í 3 einingar og halda sama byggingarmagni og lóðarstærð, fækku bílastæða um tvö á lóðinni úr 8 bílastæðum í 6 bílastæði, samkvæmt uppdr. Arkiteó ódags.

*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

---

#### **14.20 "Teigahverfi, breyting á deiliskipulagi vegna Sigtúns 42**

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 28. apríl 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis. Í breytingunni felst að hluti af grassvæði á milli núv. gangstéttar og nyrðri lóðarmarka Sigtúns 42 verði breytt í grenndarstöð. Til að tryggja aðgengi losunarbíls er gert ráð fyrir að 3 bílastæði við hana verði fjarlægt og því fækki bílastæðum úr u.b.b. 9 í 6, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 28. apríl 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 21. september 2020 til og með 19. október 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Lilja Þorgeirs dóttir, Gerður Guðjónsdóttir og Auður Inga Þorsteinsdóttir f.h. eigenda að Sigtúni 42 dags. 15. október 2020, Ólafur Örn Ólafsson og Þórunn Margrét Gunnarsdóttir dags. 18. október 2020, Kristinn Einarsson dags. 19. október 2020, Hákon Þór Sindrason, dags. 19. október 2020 og Guðrún Einarsdóttir dags. 19. október 2020.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

---

#### **15.20 Pingholtsstræti 25, breyting á deiliskipulagi**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. október 2020 var lögð fram umsókn Páls V. Bjarnasonar dags. 2. janúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Grundarstígsreits vegna lóðarinnar nr. 25 við Pingholtsstræti. Í breytingunni felst stækkan á viðbyggingu núverandi húss og gerð áfastra svala á 1. og 2. hæð viðbyggingar auk svala á þaki viðbyggingar, fjölgun íbúða úr fjórum í sjö og setja kvist á austurhlið þaks núverandi húss, samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu sf. dags. 19. nóvember 2019. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 9. desember 2019. Erindinu var frestað, umsækjandi hafi samband við embættið, og er nú lagt fram að nýju.

*Umsækjandi hafi samband við embættið.*

**16.20 Efstaleiti 19, Lágaleiti 5 - Skjólþak 0401**

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. október 2020 þar sem sótt er um leyfi til að setja skjólþak yfir hluta þakgarðs íbúðar 0401 í húsi nr. 5 við Lágaleiti, mhl.04 á lóð nr. 19 við Efstaleiti. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020.

Erindi fylgir samþykki Húsfélags Efstaleiti A, dags. 22. september 2020 og yfirlit breytinga. Gjald kr. 11.200

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020 samþykkt.

**17.20 Fiskislóð 41, Atvinnuhúsnaði - stálgrindarhús**

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. október 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja stálgrindarhús fyrir dekkjaverkstæði á 1. hæð og óráðstafað rými á 2. hæð í húsi á lóð nr. 41 við Fiskislóð.

Erindi fylgir mæliblað Faxaflóahafna dags. maí 2007, hæðablað Faxaflóahafna dags. september 2008, minnisblað Eflu um greinagerð um brunavarnir, útgáfa 001-V02, dags. 10. september 2020, umboð dags. 10. september 2020 og samþykki eiganda dags. 17. september 2020. Einnig brunahönnunarskýrsla 001.V03 dags. 29. september 2020 og brunahönnunarskýrsla útg. 001.V04 dags. 21. október 2020

Gjald kr. 11.200

Vísað til umsagnar verkefnisskjóra.

**18.20 Grenimelur 8, Hækjun húss, svalir, tröppur o.fl.**

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. október 2020 þar sem sótt er um leyfi til að hækka og endurgera þakhæð, byggja kvisti, nýjar svalir á suðurhlið 1. og 2. hæðar og breyta innra skipulagi á 1. og 2. hæð í húsi á lóð nr. 8 við Grenimel.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. júlí 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júlí 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 27. júlí 2020. Stækkun: 105,5 ferm., 58,6 rúmm. Eftir stækkun: 447,2 ferm., 1.146,8 rúmm. Gjald kr. 11.200

Vísað til umsagnar verkefnisskjóra.

**19.20 Háskóli Íslands, Vísindagarðar, breyting á deiliskipulagi**

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Pálmars Kristmundssonar dags. 12. ágúst 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands Vísindagarða vegna lóðarinnar nr. 15-19 við Sæmundargötum. Í breytingunni felst að dýpt innskota í byggingarreit er minnkuð í 3 metra og að byggingarreitir fyrir inndregna þakhæð eru sameinaðir í einn samfelldan reit, samkvæmt uppdr. PK Arkitekta ehf. dags. 1. ágúst 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 17. september 2020 til og með 15. október 2020. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

**20.20 Lautarvegur 20 og 22, breyting á deiliskipulagi**

Lögð er fram umsókn Yrki arkitekta ehf. dags 15. október 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi neðan Sléttuvegar vegna lóðanna nr. 20 og 22 við Lautarveg. Í breytingunni felst að stækka byggingareit, hæðarkóta og skilgreiningu á sérafnotefleti neðri hæðar, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags 14. október 2020.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisskjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

**21.20 Lautarvegur 36, Raðhús**

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. október 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja endaraðhús, kjallara og tvær hæðir á lóð nr. 36 við Lautarveg.

Stærðir: x.xx ferm., x.xx rúmm. Gjald kr. 11.200

Vísað til umsagnar verkefnisskjóra.

**22.20 Miðbakki, Geirsgata 11, 13 og 15, (fsp) reisa fjölnotabyggingu**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn Yrki arkitekta dags. 13 maí 2020 ásamt greinargerð dags. 7. maí 2020 um mögulega uppbyggingu á lóðum nr. 11, 13 og 15 við Geirsgötu sem felur í sér að reisa fjölnotabyggingu á Miðbakknum, samkvæmt tillögu Yrki Arkitekta dags. 21 febrúar 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Faxaflóahafna og er nú lögð fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

**23.20 Skriðustekkur 1-7, breyting á deiliskipulagi**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. október 2020 var lögð fram umsókn Sigríðar Arngrímsdóttur dags. 16. september 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna lóðarinnar nr. 1-7 við Skriðustekk. Í breytingunni felst að gerður verður nýr byggingarreitur fyrir annars vegnar stækkan á bílskúr og hins vegar stækkan á núverandi íbúðarhúsi við Skriðustekk 1, samkvæmt uppdr. Arkotek dags. 16. september 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisskjóra og er nú lagt fram að nýju.

Lagfærð bókun frá afgreiðslufundi 16. október 2020. Rétt bókun er:

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Skriðustekk 3, 5 og 7 og Lambastekk 2 og 4. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. sbr. gr. 12. í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

**24.20 Fannafold 170, breyting á deiliskipulagi**

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Kristins Ragnarssonar dags. 25. júní 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi norðan Grafarvogs vegna lóðarinnar nr. 170 við Fannafold. Í breytingunni felst að viðbygging 3x5 m. fer út fyrir byggingarreit á vesturhluta lóðar, auk anddyris byggingu á suðurhlið sem er 2,74m2. Byggingarmagn eykst um 15m2 og verður því samanlagt um 320 m2. Grunnflötur hússins verður 245 m2, samkvæmt uppdr. Kristins Ragnarssonar arkitekts ehf. dags. 23. júní 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 21. september 2020 til og með 19. október 2020. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lagður fram tölvupóstur Ólafs Steinars Björnssonar dags. 21. september 2020 og Málfríðar Lorange dags. 23. september 2020 þar sem ekki er gerðar athugasemdir við tillöguna.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

**25.20 Stangarholt 36, (fsp) færsla á byggingarreit bílskúrs**

Lögð fram fyrirspurn Gísla G. Gunnarssonar dags. 13. október 2020 um færslu á byggingarreit bílskúrs á lóð nr. 36 við Stangarholt, samkvæmt fyrirspurnaruppdr. Kvarða dags. 10. október 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020 samþykkt.

**26.20 Þverholt 18, (fsp) breyting á notkun húss**

Lögð fram fyrirspurn Lárusar Kristins Ragnarssonar dags. 14. október 2020 um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 18 við Þverholt úr vöru- og skrifstofuhúsnæði í íbúðarhúsnæði og vinnustofur, samkvæmt uppdráttum/frumtillögu Ártúns ehf. dags. 12. október 2020.

Vísað til umsagnar verkefnisskjóra.

#### 27.20 Álftamýri 43-57, 43 - Byggja ofan á bílgeymslu

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. október 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. september 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að stækka íbúð með því að byggja ofan á bílgeymslu mhl. 01, í raðhúsi á lóð nr. 43-57 við Álftamýri. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisskjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020.

Stækkun: x.xx ferm, x.xx rúmm. Erindi fylgir samþykki eigenda mhl. 02- mhl.08, útskrift úr gerðarbók skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020, mæliblað 1.280.3 endurútgefið 22. september 2011 og hæðablað dags. í maí 1961. Gjald kr. 11.200

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020 samþykkt.

#### 28.20 Álmgerði - Hæðargarður, framkvæmdaleyfi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. október 2020 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 7. október 2020 um framkvæmdaleyfi vegna fullnaðarfágangs á göngu- og hjólastíg í Álmgerði og Hæðargarði frá Háaleitisbraut að Réttarholtsvegi. Einnig er lagt fram teikningasett dags. í september 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisskjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020.

*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis.*

*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.3 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

#### 29.20 Bankastræti 3, (fsp) uppbygging

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júlí 2020 var lögð fram fyrirspurn Stefáns Arnar Stefánssonar dags. 19. júní 2020 ásamt greinargerð dags. 18. júní 2020 um uppbyggingu á lóð nr. 3 við Bankastræti, samkvæmt uppdr. Argos ehf. dags. 16. júní 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisskjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 9. september 2020 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020 samþykkt.

#### 30.20 Leifsgata 25, (fsp) fjölgun íbúða í rými 201

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. september 2020 var lögð fram fyrirspurn Egils Moran Rubner Friðrikssonar dags. 9. september 2020 um að skipta íbúð, sem er á þremur hæðum, í rými 201 í húsinu á lóð nr. 25 við Leifsgötu í þrjár íbúðir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisskjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020 samþykkt.

#### 31.20 Víðinesvegur 2, skipting lands

Lögð fram umsókn Þorbjargar Gígju dags. 14. október 2020 ásamt bréfi dags. 10. júlí 2020 um að skipta landinu Naustanes, Víðinesvegur 2, í two parta, samkvæmt samkvæmt uppdr. Sigurgeirs Skúlasonar dags. 10. júlí 2020.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisskjóra.

#### 32.20 Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðfloksins, dregin til baka (USK2020090024)

Þann 3. september var lagt fram svar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 23. ágúst 2020, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðfloksins um gögn vegna kaupa Reykjavíkurborgar á Varmadal, sbr. 43. lið fundargerðar borgarráðs frá 23. júlí 2020. Það svar var á engan hátt fullnægjandi og fyrirspurninni var vísað til umhverfis- og skipulagssviðs til svarts. Óskað er eftir öllum glærum, öðru kynningarrefni, fundargerðum og önnur skrifleg gögn sem til eru í málinu. Fyrirspurn þessi er hér með ítrekuð og óskað eftir svari sem fyrst. Einnig er lagður fram tölvupóstur Vigdísar Hauksdóttur dags. 21. október 2020 þar sem fyrirspurn er dregin til baka.

Fyrirspurnin dregin tilbaka.

#### 33.20 Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðfloksins, gögn vegna kaupa Reykjavíkurborgar á Varmadal - R20070147

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 7. september 2020 þar sem framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðfloksins um gögn vegna kaupa Reykjavíkurborgar á Varmadal er send umhverfs- og skipulagssviði til umsagnar. Einnig er lagður fram tölvupóstur Vigdísar Hauksdóttur dags. 21. október 2020 þar sem fyrirspurn er dregin til baka.

Fyrirspurnin dregin tilbaka.